

Fimmtugur í dag:

Valdimar Guðmundsson

prentari


Lesendur Tímans verða lít-
ið varir sumra þeirra manna,
sem mest vinna þó við blað
þeirra. Lítið yrði þó samband
þeirra, sem í blöðin skrifa, við
lesendurna, ef ekki nyti við
þeirra iðnaðarmanna, sem
prentverkið stunda.

Í dag er Valdimar Guð-
mundsson prentari fimmtug-
ur, en hann hefir í 20 ár unnið
við umbrot Tímans, en svo er
það verk nefnt, að raða letrinu
á síðurnar, og fylgir þá tíðast
með að steypa fyrirsagnir og
leiðréttar eftir próförk. Þetta
hefir verið starf Valdimars og
hann stundar það enn, þó að
umbrot Tímans sé nú orðið
meira verk, en einum manni
er ætlandi, svo að fleiri vinni
þar við.

Það er löngum sagt, að í
samstarfi sínu minni blaða-
menn og prentarar hvorir
aðra á skyldur þær, sem emb-
ættum þeirra fylgi, og taka
þær áminningar á sig ýmis-
konar blæ eftir atvikum.
Valdimar er með verra móti
við að eiga, að því leyti, að
hann er óvenjulega mikilvirk-
ur og velvirkur, rækir starf
sitt af mikilli árvekni og
skyldurækni og verður sjald-
an á það, sem ómaksvert sé
að hafa orð á. Festir því
sjaldan á honum högg, en hins
vegar er hann í bezta lagi fær
um að svara fyrir sig orði og
gefur þar ekkert eftir þraut-
reyndum baráttumönnum úr
blaðamannastétt, svo að ekki
sé meira sagt.

Lesendur Tímans eiga Valdi-
mar margt að þakka, því að
ekki skiptir litlu máli, hvern-
ig prentararnir og þó fyrst og
fremst umbrotsmennirnir
vinna verk sín. Útlit Tímans
hefir margoft notið góðs af
smekkvísi Valdimars og sitt-
hvað hefir hann fært á betri
veg hjá blaðamönnum, sem
í annriki sínu hafa látið ým-
islegt frá sér fara, er síður
skyldi. Valdimar hefir verið
sýnt um að færa slíkt til betra
vegar, enda bera verk hans á
þessu og öðrum sviðum þau
merki, að hann er framar-
lega í hópi þeirra manna,
sem vinna jafnt með hug og
hönd. Má í þessu sambandi
geta þess, að Valdimar er einn
af skurðhögustu mönnum
landsins og hefir í tómstund-
um sínum unnið fullkomnið
meðalmannsverk á því sviði.
Afköst hans við þá iðju bera
jöfnum höndum listhæfni
hans og dugnaði fagurt vitni.
Smíðisgripir þeir, sem hann
hefir unnið, skipta nú orðið
tugum hundraða og eru til
prýðis á fjölda heimila inn-
anlands og utan. Orkar það
furðu, hve miklum og góðum
árangri Valdimar hefir náð á
þessu listasviði, þar sem hann
hefir ekki getað sinnt þess-
um störfum, nema í tóm-
stundum, og oft unnið mikla
eftirvinnu í prentsmiðjunni,
auk venjulegs starfstíma þar.
En hann hefir líka helgað
allar tómstundir sínar þessari
list sinni og starfaði að henni
meðan aðrir eyddu tíma sín-
um í það, sem hann telur
„óþarfari skemmtanir,“ en
sjálfur segist hann gera sér

þetta fyrst og fremst til
skemmtunar. Valdimar hefir
verið bindindismaður alla ævi
og á það vafalaust ekki
minnstan þátt í því, hve drjúg
afköst hans hafa orðið.



Þeir blaðamenn Tímans,
sem unnið hafa með Valdimar
þau 20 ár, er hann hefir starf-
að að umbroti Tímans, munu
í dag minnst margra ánægju
legra stunda frá samstarfinu
við hann. Hafi hann skamm-
að okkur, hefir hann gert það
skemmtilega og hressilega og
án þess að valda nokkrum
kala, því að jafnan hefir verið
auðfundið, að umhyggja fyrir
blaðinu og heiðarlegu starfi
skipaði fyrir um hjá honum.
Þess vegna er ekki annað
hægt en virða hann og meta
og þess vegna þykir okkur líka
vænt um hann. Og þess mættu
lesendur Tímans jafnan óska,
að við blað þeirra starfi um
alla tíð menn, sem virða sig
og skyldu sína jafn mikils og
Valdimar Guðmundsson. Þá
þarf ekki að kvíða því, hvernig
þar verði unnið.

Valdimar Guðmundsson er
Austfirðingur að ætt, fæddur
að Hnitbjörgum í Jökulsárhlíð
12. apríl 1898. Foreldrar hans
voru Stefania Benjaminsdóttir
og Guðmundur Ólafsson,
sem nú dvelur hér í bænum
á heimili Önnu dóttur sinnar,
en Stefania lézt fyrir nokkr-
um árum. Valdimar hóf ung-
ur prentnám í Austraprent-
smiðju á Seyðisfirði, en að
námi loknu fluttist hann til
Reykjavíkur. Vann hann fyrst
nokkur ár í Félagsprentsmið-
junni, en hefir síðan unnið í
prentsmiðjunni Acta og Eddu.
Valdimar kvæntist ungur Vil-
borgu Þórðardóttur frá Sönd-
um í Dýrafirði og eiga þau
tvo uppkomna, mannvænlega
syni, Þórð, sem nú stundar
lögfræði- og stjórnsræðinám
í Kaliforníu, og Sverri, sem
er starfandi prentari hér og
dvelur á heimili foreldra
sinna.

Minnist skuldar yðar við
landið og styrkið
Landgræðslusjóð

Skák

Frá keppninni um heims-
meistaratitilinn.

1. umferð.

Hvitt: Dr. M. Euwe.

Svart: P. Keres.

Spánskur leikur.

- | | |
|-----------|--------|
| 1. e2—e4 | e7—e5 |
| 2. Rg1—f3 | Rb8—c6 |
| 3. Bf1—b5 | a7—a6 |
| 4. Bb5—a4 | d7—d6 |
| 5. c2—c3 | Bc8—d7 |
| 6. d2—d4 | Rg8—e7 |
| 7. Ba4—b3 | h7—h6 |
| 8. Rb1—d2 | Re7—g6 |
| 9. Rd2—c4 | Bf8—e7 |
| 10. 0—0 | 0—0 |

Þetta afbrigði af spánska
leiknum (Steinitz afbrigðið)
er mjög fáséð nú orðið. Stór-
meistarinn Wilhelm Steinitz,
sem var heimsmeistari í skák
1866—1894 byggði upp skák-
stöður sínar í mjög svipuðum
stíl og þessi byrjun gefur til
kynna og er þetta afbrigði
kennt við hann.

- | | |
|------------|--------|
| 11. Rc4—e3 | Be7—f6 |
| 12. Re3—d5 | e5×d4! |

Hvitt getur ekki leikið c3×
d4, vegna 13. ... Bg4 og síðar
ef til vill R—h4.

- | | |
|-------------|--------|
| 13. Rf3×d4 | Hf8—e8 |
| 14. Rd5×f6† | Dd8×f6 |
| 15. f2—f3 | Rg6—f4 |
| 16. Rd4×c6 | Bd7×c6 |
| 17. Bc1—e3 | Ha8—d8 |
| 18. Dd1—d2 | Rf4—g6 |
| 19. Be3—d4 | Df6—e7 |
| 20. Ha1—e1 | De7—d7 |
| 21. c3—c4 | Bc6—a4 |

Hvitt hefir náð sterkri stöðu
á miðborðinu og hefir þar að
auki báða biskupana, en nú
þvingar svart uppskipti á öðr-
um biskupnum og staðan er
nokkuð jöfn.

- | | |
|------------|--------|
| 22. Bb3×a4 | Dd7×a4 |
| 23. Dd2—c3 | f7—f6 |
| 24. f3—f4 | Kg8—h7 |

Svart má ekki leika 24.
D×a2, vegna H—a1. Hvitt virð-
ist nú standa aðeins betur, en
erfitt er, eða máské ógerlegt
að útfæra stöðuna til vinn-
ings, þar sem staða svarts er
mjög örugg og vel búin til
varnar.

- | | |
|-----------|--------|
| 25. b2—b3 | Da4—d7 |
|-----------|--------|

Enn má svart ekki leika 25.
.... D×a2, vegna 26. H—f2,
D—a3. 27. H—a1 og hvitt vinn-
ur drotninguna.

- | | |
|--------------|-------|
| 26. Dd3—f3!? | b7—b5 |
| 27. Df3—d3 | b5×c4 |
| 28. Dd3×c4? | |

Bezt var b3×c4 með svipuðu
tafli.

- | | |
|------------|----------|
| 28. | He8×e4!! |
| 29. He1×e4 | d6—d5 |
| 30. Dc4×a6 | |

Svo til þvingað, því annars
yrði hvitt með peði minna í
endataflinu.

- | | |
|------------|---------|
| 30. | d5×e4 |
| 31. Bd4—e3 | Dd7—g4! |

Upphaf að heiftugri árás.

- | | |
|------------|---------|
| 32. Da6—c4 | Hd8—d3! |
|------------|---------|

Ef nú 33. D×e4, þá D—e2 og

- | | |
|------------|---------|
| 33. Be3—c1 | Rg6—h4! |
|------------|---------|

Glæsilegur sóknarleikur, sem
krefst mjög nákvæms út-
reiknings og þekkingar á stöð-
unni.

- | | |
|-------------|-------|
| 34. Dc4×e4† | f6—f5 |
| 35. De4—b7 | |

Drotningin verður að hafa
vald á g2 reitnum, vegna máts
ins.

- | | |
|-------------|---------|
| 35. | c7—c6! |
| 36. Db7×c6 | Hd3—c3! |
| 37. Dc6—d5. | |

Nauðsynlegt til að geta
svarað 37. H—ca, með 38.
B—d2.

- | | |
|----------|---------|
| 37. | Hc3—c5! |
|----------|---------|

Ef nú D—b7, þá vinnur H

- | | |
|------------|---------|
| —c2! | |
| 38. Dd5—d2 | He5×c1! |
| 39. h2—h3 | |

Hvitt þolir ekki að slá Hc1.

Úthlutun námsstyrkja á vegum menntamálaráðs

Menntamálaráð hefir ný-
lega úthlutað fé því, sem
veitt er á fjárlögum 1948 (14.
gr. B. II. b.) svo sem hér seg-
ir: Námsgreinar eru settar
innan sviga:

Framhaldsstyrkir:

Aðalsteinn Sigurðsson (dýra
fræði) tvö þús. kr., Andrés
Andrésson (vélaverkfr.) þrjú
þús. kr., Andrés Guðjónsson
(vélaverkfr.) tvö þús. kr.,
Andrés H. Guðmundsson
(lyfjafræði) tvö þús. kr.,
Anna Gísladóttir (húsmæðra
fræðsla) þrjú þús. kr., Árni
Eiríkur Eylands (vélfræði)
tvö þús. kr., Árni Hafstað
(rafmagnsverkfr.) þrjú þús.
kr., Árni Jónsson (enska) tvö
þús. kr., Árni Guðmundur Pét-
ursson (búfræði) tvö þús. kr.,
Ásgeir P. Ásgeirsson (verk-
fræði) þrjú þús. kr., Baldur
T. Lindal (efnaverkræði)
þrjú þús. kr., Baldur Þor-
steinsson (skógrækt) þrjú
þús. kr., Baldvin Halldórsson
(leiklist) tvö þús. kr., Bárður
Á. Danielsson (byggingarverk-
fr.) þrjú þús. kr., Benedikt
Bjarni Sigurðsson (bygging-
arverkfr.) þrjú þús. kr., Björn
Fransson (tónsmíðar) þrjú
þús. kr., Björn J. Lárusson
(hagfræði) þrjú þús. kr., Ein-
ar H. Árnason (byggingar-
verkfr.) þrjú þús. kr., Einar
G. Baldvinsson (málaralist)
tvö þús. kr., Einar Jónsson
(vélaverkfr.) tvö þús. kr., Ein-
ar Pálsson (leiklist) tvö þús.
kr., Einar Sturluson (söngur)
tvö þús. kr., Erlendur Helga-
son (húsagerðarlist) tvö þús.
kr., Erlingur Guðmundsson
(byggingarverkfr.) þrjú þús.
kr., Eyvindur Valdimarsson
(byggingarverkfr.) þrjú þús.
kr., Friðrik Jakob Tryggva-
son (tónlist) þrjú þús. kr.,
Garðar Ólafsson (tannl.) tvö
þús. kr., Geir Ó. Guðmunds-
son (vélsmíði) tvö þús. kr.,
Geir Kristjánsson (slavnesk
mál) þrjú þús. kr., Gestur
Stefánsson (byggingarverk-
fr.) þrjú þús. kr., Guðmundur
Eliasson (höggmyndalist) tvö
þús. kr., Guðmundur K. Guð-
jónsson (hagfræði) tvö þús.
kr., Guðmundur Marteinsson
(húsagerðarlist) tvö þús. kr.,
Guðrún Á Simonar (söngur)
þrjú þús. kr., Guðsteinn Aðal-
steinsson (vélaverkfræði) tvö
þús. kr., Gunnar K. Berg-
steinsson (siglingafræði) tvö
þús. kr., Gunnhildur Snorra-
dóttir (uppeldisfræði) tvö
þús. kr., Guttormur V. Þorm-
ar (byggingarverkfr.) þrjú
þús. kr., Halldór Sveinsson
(rafmagnsverkfr.) þrjú þús.
kr., Haraldur Árnason (land-
búnaðarverkfr.) þrjú þús. kr.,
Haraldur Jóhannsson (hag-
fræði) þrjú þús. kr., Hjörleif-
ur Sigurðsson (málaralist)
þrjú þús. kr., Hólmfríður

Pálsdóttir (leiklist) þrjú þús.
kr., Hörður Ágústsson (mál-
aralist) þrjú þús. kr., Ída P.
Björnsson (grasafræði) tvö
þús. kr., Inga S. Ingólfssdóttir
(íþróttir) tvö þús. kr., Ingvi
S. Ingvarsson (hagfræði)
þrjú þús. kr., Jakob Löve
(verzlunarhagfræði) tvö þús.
kr., Jóhann Kr. Eyfells (húsa
gerðarlist) tvöþús. kr., Jó-
hann Tryggvason (tónlist)
þrjú þús. kr., Jón H. Björns-
son (garðyrkja) tvö þús. kr.,
Jón Árni Jónsson (þýzka)
þrjú þús. kr., Júlíus J. Daniels-
son (búnaðarhagfr.) tvö þús.
kr., Karl V. Kvaran (málara-
list) tvö þús. kr., Klemens
Jónsson (leiklist) þrjú þús.
kr., Kristinn Björnsson (sál-
fræði) tvö þús. kr., Kristján
Ingi Einarsson (húsagerðar-
list) tvö þús. kr., Magnús Berg
Þórsson (rafmagnsverkfr.)
þrjú þús. kr., Magnús Gísla-
son (uppeldisfræði) þrjú þús.
kr., Magnús R. Jónsson (raf-
magnsverkfr.) þrjú þús. kr.,
Magnús Bragi Þorsteinsson
(byggingarverkfr.) þrjú þús.
kr., María Huguína Ólafsdóttir
(málaralist) tvö þús. kr.,
Ólafía Einarisdóttir (forn-
leifafræði) þrjú þús. kr., Ólaf-
ur B. Guðmundsson (lyfja-
fræði) tvö þús. kr., Ólafur
Jenss. (byggingaverkfr.) þrjú
þús. kr., Ólafur Jónsson
(skipaverkfr.) tvö þús. kr.,
Óttar I. Karlsson (skipaverk-
fr.) þrjú þús. kr., Ottó Valdi-
marsson (rafmagnsverkfr.)
þrjú þús. kr., Páll Fr. Einar-
son (búfræði) þrjú þús. kr.,
Páll Árdal Guðmundsson
(hagfræði) tvö þús. kr., Pét-
ur M. Jónsson (dýrafræði)
tvö þús. kr., Pétur Fr. Sigurðs-
son (málaralist) tvö þús. kr.,
Ragnar Emilsson (húsagerð-
arlist) þrjú þús. kr., Sigríður
A. Helgadóttir (slavnesk mál)
þrjú þús. kr., Sigríður Magn-
úsdóttir (franska) þrjú þús.
kr., Sigurbjörn Bjarnason
(tannl.) tvö þús. kr., Sigurð-
ur B. Blöndal (skógrækt) tvö
þús. kr., Skarphéðinn Jó-
hannsson (húsagerðarlist)
3 þús. kr., Skúli H. Norðdahl
(húsagerðarlist) þrjú þús. kr.,
Snót Leifs (bókmenntir) tvö
þús. kr., Stefán Ó. Ólafsson
(byggingarverkfr.) þrjú þús.
kr., Steingrímur Sigurðsson
(enska) þrjú þús. kr., Stein-
unn L. Bjarnadóttir (leiklist)
tvö þús. kr., Steinunn Ingi-
mundardóttir (húsmæðra-
kennsla) tvö þús. kr., Svava
Einarisdóttir (söngur) tvö þús.
kr., Sveinn T. Sveinsson
(byggingarverkfr.) þrjú þús.
kr., Sverrir S. Markússon
(dýralækn.) þrjú þús. kr.,
Valdimar Jónsson (efna-
fræði) tvö þús. kr., Veturlíði
Gunnarsson (málaralist) tvö
þús. kr., Þorbjörg Jónsdóttir
(hjúkrun) tvö þús. kr., Þor-
björg Kristinsdóttir (latína)
þrjú þús. kr., Þóroddur Th.
Sigurðsson (vélaverkfr.) þrjú
þús. kr., Þórunn S. Jóhanns-
dóttir (tónlist) þrjú þús. kr.,
Þórunn Þórðardóttir (grasa-
fræði) þrjú þús. kr.

Nýir styrkir.

Arnheiður Sigurðardóttir
(enska) tvö þús. kr., Árni Guð-
jónsson (sálarfræði) þrjú
þús. kr., Árni Waag (mjólkur
(Framhald á 4. síðu)

Ef 39. H×c1, þá R—f3† og
næst R×d2. Eða 39. D×c1, D
×g2, mál.

39. Dg4—g3?

Yfirsjón í timapröng. 39.

.... R—f3† væri rothögg.

40. Dd2—e2 Dg3×f4

41. Hf1—c1 Df4×c1†

42. Kg1—h2

Í þessari stöðu gerði svart
biðleik og vann síðan að lok-
um.

(Frh. síðar).

Ó. V.

Er þörf á nýju embætti?

„Í „Tímanum“, sem út kom 10. marz s.l. er getið um frumvarp til laga um kjötmat, sem komið sé fram á Alþingi. Frumvarpið sjálft er ekki í blaðinu, en þar er tekin upp greinargerð sem fylgir því og virðist mega af henni ráða hvert efni frumv. er. Um þetta mál hefir verið hljótt í allmörg ár, bæði hjá löggjafarvaldinu og eins þeim, sem kjörnir hafa verið til að hafa umsjón með kjötmati á hinum ýmsu stöðum á landinu og með því starfi áttu að hafa heildaryfirsýn yfir kjötmat og aðstöðu alla þar að lútandi.

Þrír menn hafa samið þetta frumvarp, og þó að ég þekki ekki nema einn þeirra persónulega, en hina bara af orðspori, þá hygg ég að óhætt sé að fullyrða að allir þessir menn eigi eitt sameiginlegt, en það er að vilja gera vel.

En við lestur greinarinnar virðist mér sem þessum ágætu mönnum hafi verið mislagðar hendur og stiklað lauslega á aðalatriðinu, en því meir lagt sig að aukaatriðum, og skal ég færa að því nokkur rök:

Í áður nefndu frumvarpi er lagt til að skipaður verði kjötmatsformaður, (eitt nýtt embætti). Ennfremur segir: „Kjötmatsformanni er ætlað að hafa samband við hina yfirmatsmennina í því skyni að koma á og viðhalda þetra samræmi í kjötmati, frágangi sláturfjárafurða og öðru er að því lítur.“

Eftir lestur þessarar málsgreinar vil ég spyrja: Var það ekki einmitt þetta, sem yfirkjötmönnum var ætlað að gera þegar þeir voru skipaðir? Eða hefi ég misskiðið þeirra embætti? Í þessi 20 ár, sem ég hefi starfað við kjötmat og við slátrun sauðfjár, hefi ég átt yfir höfði mínu 5 yfirkjötmatsmenn og kennara, allt úrvals menn. Skal ég greina nöfn þeirra hér og geta þeir þá sagt til, hvort um mæli mín eru röng, sem ég ætla að hafa hér eftir þeim, en mennirnir eru þessir: Ólafur Magnússon, nú sundkennari á Akureyri, Björn Pálsson, bóndi á Löngumýri í Húnavatnssýslu, Sæmundur Friðriksson, forstjóri Reykjavík, Jóhann Kröger, kjötbúðarstjóri á Akureyri og Sigurður Björnsson, kennari á Kópaskeri.

Allir þessir menn, sem ég hefi nefnt hér, hafa lokið upp einum munni um það, að höf uðnaðsýn og aðalatriði í þessu starfi þeirra væri að samræma kjötmatið yfir allt landið, hafa eitt og sama mat ið á öllu landinu.

Hvaða árangur hefir svo þetta borið í s.l. 20 ár? Hér skulu dregnar upp nokkrar smámyndir, sem sýna árangurinn.

Fyrir fáum árum komu hingað til Kaupfélags Þingeyinga 12—15 tonn af kjöti til geymslu frá öðrum landshluta. Kjöt þetta var flokkað og merkt á erlendan markað. Mig fýsti mjög að sjá þetta kjöt og skoða. En það kom ekki sjóninni til. Kjöt þetta var allt í senn, skitugt, rífið og blóðmarið. Ef Kaupfélag

Eftir Helga Kristjánsson, kjötmatsmann

Þingeyinga hefði sent frá sér svona kjöt, hefði áreiðanlega komið hljóð úr horni frá æðri stöðum.

Í annað sinn kom hingað skip með 40 tonn af kjöti, líka úr öðrum landshluta, og átti það að fara á erlendan markað, en vegna þess að grunur lék á um geymsluskemmd í kjötinu, var ég beðinn að skoða kjötið um leið og því var umskipað hér við bryggju. Af þessu kjöti er allveg sömu söguna að segja, matið sjálft af handahófi og kjötið rífið og með marblettum. Þar mátti meira að segja sjá hundsbit í lærum, en skrokkurinn settur í fyrsta flokk, þrátt fyrir það.

Í þriðja lagi skal greint hér frá umsögn manna og lítilsháttar reynslu minni í sambandi við það ósamræmi, sem ríkir í kjötmatinu. Haustið 1946 fóru fram alger fjárskipti í vestur hluta Þingeyjarsýslu og nýr fjárstofn fenginn frá Vestfjörðum. Árið eftir er eða haustið 1947 komu úr Ljósavatnshreppi 200 dylkar (gimbralömb) hingað á sláturhús K. P. Lömb þessi voru ótrúlega stór og þung, nokkrir skrokkar yfir 20 kg. En útlit og byggingarlag skrokkanna, minnti meira á kálf en kind. En þetta gæti verið eðlilegt og ekkert við því að segja, ef bændurnir úr Ljósavatnshreppi, sem fóru vestur til fjárkaupanna, hefðu ekki haft aðra og alvarlegri sögu að segja. Þeir sögðu mér, að bændur þeir, sem seldu þeim lömbin hefðu sýnt þeim innleggsnótur sínar frá haustiinu áður, og það hefði verið tilviljun ein, ef þar hefði sést skrokkur skrifaður í annan og þriðja flokk, allt fyrsta flokks kjöt. E. t. v. hefir yfirkjötmatsmaður aldrei komið á Vestfirði?

Þessar myndir, sem hér hafa verið dregnar upp, þótt litlar séu og óljósar, draga óneitanlega þá staðreynd fram, að lítið hafi áunnist í þessi 20 ár. Og þær gera meira. Þær sanna þann þrá-

láta orðróm, sem víða er þekktur, að yfirkjötmatsmennirnir hafi ekki verið á öllum sláturhúsum jafn strangir og vera bar. Það sem þeir hafi leyft á þessum, hafi þeir ekki leyft á hinum, eða þá hitt, að undirmennirnir hafi farið eftir fyrimælum yfirkjötmatsmannanna daginn eða dagsstundina, sem venjulegt er að hann dvelji á hverjum stað, en eftir brottför hans, breytt um eftir sínu höfði. Það hefir ekki verið hægt að komast hjá því að hlusta á svona ummæli og það til langs tíma. En um sannleiksgildi þeirra legg ég engan dóm á. En eitthvað er að, og hver er orsökina?

Með frumvarpi því, sem hér umræðir, er það játað, að lítið hafi áunnist með að samræma kjötmatið s.l. 20 ár, og jafnframt er það vantraustsfyrirlýsing á yfirkjötmatsmennina. Þeir hafi ekki einhverra hluta vegna staðið í stöðu sinni eins og skyldi. En nú virðist ráðið fundið og skorið fyrir meinsemdina ag það er að stofna eitt nýtt embætti ennþá með háum launum úr ríkissjóði. Það er líka fært, arfurinn, sem féll í hlut ríkissjóðs frá dánarbúi fyrrverandi stjórnar, var ekki svo lítill.

Svo virðist nú málum komið, að ekkert sé hægt að gera, nema að stofna ráð og nefndir og ný embætti. En leiðin til að bæta og samræma kjötmat á íslensku kindakjöti er áreiðanlega ekki sú að stofna nýtt embætti í viðbót við þau, sem fyrir eru. Ef frumvarp þetta verður að lögum, heldur áfram sama ósamræmið og sama kákið. Leiðin til úrbóta í þessu máli hlýtur að vera öll um þeim mönnum ljós, sem fengizt hafa við kjötmat í áratugi. Sú leið kostar ekki nýtt embætti og enginn aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en er samt eina leiðin og sjálfsagðasta leiðin. En hingað til hefir það ekki þótt hlýða að hjúin segðu húsbændum sínum fyrir verkum.

Úthlutun styrkja ...

(Framhald af 3. síðu)

fræði) tvö þús. kr., Axel V. Magnússon (garðyrkja) tvö þús. kr., Ásgerður Búadóttir (málaralist) tvö þús. kr., Benedikt Gunnarsson (byggingarverkfr.) tvö þús. kr., Bjarni Steingrímsson (efnafræði) þrjú þús. kr., Björn Sveinbjörnsson (iðnaðarverkfr.) þrjú þús. kr., Davíð Stefánsson (veðurfræði) tvö þús. kr., Elinborg Lárusdóttir (bókmenntir) tvö þús. kr., Elín P. Bjarnason (málaralist) tvö þús. kr., Emil N. Bjarnason (búfræði) tvö þús. kr., Erla Elíasdóttir (enska) tvö þús. kr., Eyjólfur A. Guðnason (búfræði) tvö þús. kr., Friðrik R. Gíslason (gistih.rekstur) tvö þús. kr., Gerður Helga dóttir (höggmyndalist) tvö þús. kr., Guðlaugur Hannesson (iðn. gerlafræði) þrjú þús. kr., Guðmunda Elíasdóttir Knudsen (söngur) tvö þús. kr., Guðni Hannesson

(hagfræði) þrjú þús. kr., Gunnar Ó. P. Egilsson (klarinettleikur) tvö þús. kr., Gunnar Ólason (efnavekrfræði) tvö þús. kr., Hannes P. Hafstein (siglingafræði) tvö þús. kr., Hjalti Einarsson (efnavekrfræði) tvö þús. kr., Hrólfur Sigurðsson (málaralist) tvö þús. kr., Ingibjörg P. Jónsdóttir (sálarfræði) tvö þús. kr., Ingibjörg Steingrímisdóttir (söngur) tvö þús. kr., Jóhann Indriðason (rafmagnsverkfr.) þrjú þús. kr., Jón Guðnason (saga) tvö þús. kr., Jón Tómasson (leðurfræði) tvö þús. kr., Karl Ó. Runólfsson (hljómfæði) tvö þús. kr., Kristján Hallgrímsson (lyfjafræði) tvö þús. kr., Kristófer Finnogason (franska) tvö þús. kr., Ólöf Pálsdóttir (höggmyndalist) tvö þús. kr., Páll P. Beck (blaðamennska) tvö þús. kr., Sibil Kamban (bókmenntir) þrjú þús. kr., Sigfús H. Andrésson (sæðyrafraði) tvö þús. kr., Sigurlaugur Brynleifsson (bókasafns-

(Framhald á 6. síðu)



Í dag heyrum við eina rödd utan úr sveitunum, eina af mörgum samhljóma. Það er norðlenzkur smábóndi, sem talar. Ég vildi gjarnan tala um bréf hans, því að þetta er alvarlegt mál og viðkvæmt, en til þess er ekki tími í dag.

„Þökk fyrir baðstofuhjál, sem bæði er fjölbreytt og skemmtilegt.

Það hafa nokkrir komið til þín og spjallað um eitt okkar tilfinn-
anlegasta alvörumál, flutningana úr sveitunum. Það eru varla ofsögur sagðar, af þeim ósköpum, og tæplega munu forystumenn þjóðarinnar, gera sér grein fyrir hvernig víða er orðið ástætt, og hverjar afleiðingar kunna að verða. Annars mundu þeir í sumum tilfellum hafa gerðum sínum á annan veg. Vinnufólk, í þess orðs fornu merkingu, þekkist ekki í minni sveit. Viðast hvar eru aðeins hjónin á bænum og svo börn, sem ekki eru orðin ferðafær, sum til einhvers léttis, en önnur á höndum. Húsbændurnir víðast orðið þraut slit-
ið fólk, enda búin lítill og jarðirnar ekki fullnýtjaðar.

Á stærstu jörðinni í sveit, sem ég þekki vel til býr fimmtugur maður, með móður sinni áttæðri, en faðirinn hefir legið rúmfastur nokkur ár, og er kominn um níuætt. Ekki er annað sjáanlegt, en að þessi stóra og góða jörð sem þó er sam-
ilega byggð, bæði fyrir fólk og fén-
að, fari í auðn á næstunni, ef engar breytingar verða í þá átt, að hægt verði að fá vinnukraft, og við því verði að nokkur bóndi, sjái sér fært að kaupa.

Vonlaust og úttaugað, verður þetta langþreytta fólk, að yfirgefa jafnvel eignaróðri sín, og flytja í kaupstaði eða kauptún, hvað sem við kann að taka.

En hvað gerir svo það opinbera til þess að léttja erfiði þessa fólks, og gera því mögulegt að búa í sveitunum áfram. Jú. Það hefir verið flutt inn töluvert af landbúnaðarvélum, sérstaklega til jarðvinnslu, en þær eru nú ekki öllum smábændum meðfærligar til kaupna, enda þýðingar lítið, að brjóta mikið land, ef ekki er neinn kraftur til þess að notfæra sér það. En það eru aðrar vélar, sem geta komið sveitafólki ekki síður að notum, en jarð- og heyvinnuvélar. Til dæmis vélar sem notaðar eru við innanhússstörf og létt gætu að mun erfiði húsmóðurinnar. — Þær vélar eru af skornum skammti, og kosta þó lítið. Ég þekki hjón, sem búa á lítilli jörð, og eiga 2 börn, innan fermingar, bæði eru hjónin við aldur, og mjög heilsulitill, bóndinn komst í samband við verzlun í Reykjavík, sem gat útvegað honum eina slíka vél, sem ég hefi áður minnst á, ef hann aðeins gæti útvegað viðkomandi leyfi. — Gjalddeyrisupphæðin var 800 krónur.

Beiðni bóndans, um gjaldeyris- og innflutnings-leyfi var samstundis synjað. Þá stóð ekki á svarinu frá þeim háu stöðum. Þessa eru fjölmörg dæmi. Er þó ekki vafi á að gjaldeyris er mjög misnotaður og fer um of í öfugar áttir, stundum til óþurftar en ekki nauðsynja.

Ég bý, ekki alllangt frá kaup-
túni, þar sem eru nokkrar verzlun-
ir, og nokkur bátautgerð. Ég held að í verzlunum, hafi ekki verið

skortur á varalit andlitsfarða og ýmiskonar ilmólum, að ógleymdum sigarettum og fleiru af svipuðu tagi. En sjómennirnir sem eru að sækja út á djúpið aflaföng, til neyzlu og gjaldeyrisöflunar, hafa ekki getað fengið stigvél á fæt-
urna, eða venjulegan sjóklænað. Því síður nothæf veiðarfæri. Þannig er að þeim búð, sem ennþá eru að bagsa við framleiðslu, bæði til lands og sjávar.“

Svo tekur Norðlingur til orða:

„Nýskeð hefi ég lesið grein eftir Karl Kristjánsson á Húsavík. „Það er löng leið til keisarans.“ hina þörfustu hugvekju, ef þeir þá annars geta vaknað til réttar meðvitundar, sem ádeilunni er beint að.

Það má heita plága, að þurfa að leita ákveðinna svara, til margra hinna svokölluðu hærri staða, og ef svör fást, eru þau oft afvikin og loðin, svo lítið er á að byggja, jafnvel þó um smávægi sé að ræða. Ég hefi t. d. gert fyrrspurn til ríkisskattaneðfndar, ár eftir ár, um sama efni, gefið fyllstu skýringar, en aldrei fengið svar. Fleiri háttvirtar stofnanir væri hægt að nefna.

Þess ber þó að geta, sem gert er. Í einu tilfelli hefi ég rekið mig á fljóta afgreiðslu. Þeir hafa nefnilega í sumum stofnunum þarna syðra, prentuð smáblöð, þar sem aðalinnihaldið er orðið „Synjað“ og þeir þurfa ekki annað, en setja sitt virðulega nafn undir. Þegar þetta „Synjað“ virðist viðeigandi, er afgreiðslan liðleg. Annars gerði ritstjóri Samtíðarinnar, að umtalsefni, fyrir nokkru, þá ókurteisi margra Íslendinga, að svara ekki bréfum. Það er víst, að sá háttur hefir færzt í auka, og er ómennska.

Í ungðæmi mínu, — en ég er nú roskinn maður, — var það svo, að mönnum fannst að þeir hefðu misgert við þann, er sendi þeim bréf, ef dráttur varð á svari, og byrjuðu þá oftast bréf sín á því að biðja fyrirgefningar á drættinum, og færa ástæðu fyrir. Sendibréf var þá talið einskyns innlegg, sem sjálfsagt var að greiða, annars talið skuld. Áttu þó sumir örðugt með að greiða skuldina, sem hvorki voru stílfærir eða skrifandi. En þá fengu þeir aðra, sem betur voru að sér, til þess að fullnægja þessari sjálfsgöðu skyldu. Þannig var ræktar- og sómatilfinning þeirra daga. Fjöldi einstaklinga hefir enn sömu tilhneigingu í þessu efni, þó út af bregði. En það sama verður, því miður, ekki sagt um margar opinberar nefndir og ráð. Ekki er það af því, að skriftartækin séu ekki orðin fullkonnari og fljótvirkari, og ekki virðist mæða á einum, hjá opinberum stofnunum. Eftir kostnaðinum að dæma sýnist ekki vera sparað mannahald, og hefir mörgum dottið í hug, að máske væri helzt um of, svo að hver þvælist fyrir öðrum, eða að enginn vissi hvað honum bæri að gera, og vísaði svo til þess næsta. Þar af leiðandi yrðu ferðirnar af margar á milli Heródesa og Pílatusa vorra tíma, líkt og forðum.

Það veit ég, að stór er sá hópur, sem hefir ástæðu til að taka undir með Karli Kristjánssyni, og er honum þakklátur fyrir ritgerðina. Og hér með færi ég honum mína þökk, og vildi helzt biðja ummeira.“

Pétur landshornasirkill.

E G G

Útvegum 1. flokks stimpluð egg til verzlana og greiða-
sölustaða úti á landi. Ábyrgð tekin á göðri og vand-
aðri vöru.

Eggjasölusamlagið.

Þverveg 36 — Reykjavík.

Sími 2761.